



# Glefsa

Brot úr hagvísun og skýrslum SSV og annað tengt efni – 2. tbl. 2025

## Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga

Vífill Karlsson

Tafla 1. Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024. Raðað eftir vægi fiskveiða. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands

Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletruð)	Fiskveiðar	Fiskvinnsla
<b>Snæfellsbær</b>	35,7%	13,7%
Kaldraneshreppur	34,6%	15,0%
Sveitarfélagið Skagaströnd	30,8%	1,1%
Grýtubakkahreppur	23,1%	16,6%
<b>Grundarfjarðarbær</b>	19,3%	19,3%
Vestmannaeyjabær	18,7%	12,4%
Fjallabyggð	17,6%	5,4%
Bolungarvíkurkaupstaður	16,9%	17,7%
Langanesbyggð	16,0%	28,2%
Dalvíkurbyggð	13,6%	20,4%
Fjarðabyggð	13,6%	10,4%
Grindavíkurbær	13,4%	15,7%
Sveitarfélagið Hornafjörður	11,8%	12,1%
<b>Sveitarfélagið Stykkishólmur</b>	11,8%	3,9%
Súðavíkurhreppur	11,0%	10,5%
Vesturbyggð	10,1%	9,0%
Ísafjarðarbær	9,1%	11,9%
Strandabyggð	8,7%	3,1%
Hörgársveit	6,7%	1,8%
Tjörneshreppur	6,5%	1,8%
Skagafjörður	6,5%	6,0%
Akureyrarbær	6,1%	2,0%
Múlaþing	5,8%	2,0%
Árneshreppur	5,3%	0,0%
Húnabyggð	5,1%	0,3%
Vopnafjarðarhreppur	5,1%	31,4%
Norðurþing	5,1%	3,7%
Reykholahreppur	4,9%	2,5%
Svalbarðsstrandarhreppur	4,8%	0,9%
Eyjastrandarsveit	4,1%	1,0%
<b>Hvalfjarðarsveit</b>	3,8%	0,8%
<b>Akraneskaupstaður</b>	3,7%	2,6%
Sveitarfélagið Ölfus	3,5%	7,0%
Suðurnesjabær	3,2%	10,4%
Sveitarfélagið Árborg	3,1%	0,4%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3,0%	0,0%
<b>Meðaltal</b>	2,8%	2,0%
<b>Dalabyggð</b>	2,8%	1,3%
Hveragerðisbær	2,6%	0,2%
Sveitarfélagið Vogar	2,4%	2,9%
Þingeyjarsveit	2,3%	2,8%
Reykjanesbær	2,2%	2,3%
Ásahreppur	2,2%	0,2%
<b>Eyja- og Miklaholtshreppur</b>	1,8%	16,9%
Húnaþing vestra	1,7%	2,2%
Hafnarfjarðarkaupstaður	1,7%	0,9%
Mosfellsbær	1,4%	0,2%
Bláskógabyggð	1,4%	0,0%
Kjósarhreppur	1,2%	1,8%
Rangárþing eystra	1,2%	0,0%
Kópavogsbær	1,1%	0,5%
Garðabær	1,0%	0,5%
<b>Borgarbyggð</b>	0,9%	0,8%
Reykjavíkurborg	0,7%	0,5%
Hrunamannahreppur	0,5%	0,0%
Rangárþing ytra	0,5%	0,7%
Seltjarnarnesbær	0,5%	1,2%
Mýrdalshreppur	0,3%	0,3%
Fljótshreppur	0,0%	0,0%
Flóahreppur	0,0%	0,3%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0,0%	0,1%
Skafthreppur	0,0%	0,0%
<b>Skorradalshreppur</b>	0,0%	0,0%

Tafla 2. Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024. Raðað eftir vægi fiskvinnslu. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands

Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletruð)	Fiskveiðar	Fiskvinnsla
Vopnafjarðarhreppur	5,1%	31,4%
Langanesbyggð	16,0%	28,2%
Dalvíkurbyggð	13,6%	20,4%
<b>Grundarfjarðarbær</b>	19,3%	19,3%
Bolungarvíkurkaupstaður	16,9%	17,7%
<b>Eyja- og Miklaholtshreppur</b>	1,8%	16,9%
Grýtubakkahreppur	23,1%	16,6%
Grindavíkurbær	13,4%	15,7%
Kaldraneshreppur	34,6%	15,0%
<b>Snæfellsbær</b>	35,7%	13,7%
Vestmannaeyjabær	18,7%	12,4%
Sveitarfélagið Hornafjörður	11,8%	12,1%
Ísafjarðarbær	9,1%	11,9%
Súðavíkurhreppur	11,0%	10,5%
Fjarðabyggð	13,6%	10,4%
Suðurnesjabær	3,2%	10,4%
Vesturbyggð	10,1%	9,0%
Sveitarfélagið Ölfus	3,5%	7,0%
Skagafjörður	6,5%	6,0%
Fjallabyggð	17,6%	5,4%
<b>Sveitarfélagið Stykkishólmur</b>	11,8%	3,9%
Norðurþing	5,1%	3,7%
Strandabyggð	8,7%	3,1%
Sveitarfélagið Vogar	2,4%	2,9%
Þingeyjarsveit	2,3%	2,8%
<b>Akraneskaupstaður</b>	3,7%	2,6%
Reykholahreppur	4,9%	2,5%
Reykjanesbær	2,2%	2,3%
Húnaþing vestra	1,7%	2,2%
Múlaþing	5,8%	2,0%
<b>Meðaltal</b>	2,8%	2,0%
Akureyrarbær	6,1%	2,0%
Hörgársveit	6,7%	1,8%
Kjósarhreppur	1,2%	1,8%
Tjörneshreppur	6,5%	1,8%
<b>Dalabyggð</b>	2,8%	1,3%
Seltjarnarnesbær	0,5%	1,2%
Sveitarfélagið Skagaströnd	30,8%	1,1%
Eyjastrandarsveit	4,1%	1,0%
Svalbarðsstrandarhreppur	4,8%	0,9%
Hafnarfjarðarkaupstaður	1,7%	0,9%
<b>Borgarbyggð</b>	0,9%	0,8%
<b>Hvalfjarðarsveit</b>	3,8%	0,8%
Rangárþing ytra	0,5%	0,7%
Garðabær	1,0%	0,5%
Kópavogsbær	1,1%	0,5%
Reykjavíkurborg	0,7%	0,5%
Sveitarfélagið Árborg	3,1%	0,4%
Húnabyggð	5,1%	0,3%
Flóahreppur	0,0%	0,3%
Mýrdalshreppur	0,3%	0,3%
Mosfellsbær	1,4%	0,2%
Hveragerðisbær	2,6%	0,2%
Ásahreppur	2,2%	0,2%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0,0%	0,1%
Árneshreppur	5,3%	0,0%
Bláskógabyggð	1,4%	0,0%
Fljótshreppur	0,0%	0,0%
Hrunamannahreppur	0,5%	0,0%
Rangárþing eystra	1,2%	0,0%
Skafthreppur	0,0%	0,0%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3,0%	0,0%
<b>Skorradalshreppur</b>	0,0%	0,0%



## Umræður

Ríkisstjórnin hefur boðað breytingar á útreikningum veiðigjalds og samkvæmt áætlunum mun það tvöfaldast, úr 10 í 20 ma.kr. á ári m.v. forsendur síðasta álagningarárs (2024). Búast má við að þetta muni hafa neikvæð áhrif á atvinnugreinina og hafa sumir fært rök fyrir því að þau verði meiri á fiskvinnsluna en fiskveiðarnar.

Af þessu tilefni réðust Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi í útreikninga á því hvaða sveitarfélög á Vesturlandi væru háðust sjávarútvegi og þar skilið á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Það var gert með því að skoða hversu stór hluti af útsvarsgrunni sveitarfélögin væru að sækja til sjávarútvegs. Hagstofa Íslands gefur reglulega út tölur yfir staðgreiðsluskyldar launagreiðslur eftir atvinnugreinum, atvinnugreinahópum og búsetu og þar var hægt að brjóta tölurnar niður á sveitarfélög. Útsvarstekjur sveitarfélaga eru tengdar staðgreiðsluskyldum launagreiðslum með beinum hætti (þ.e. engin skattþrep eða skattafslættir hafa áhrif þar á). Útsvarstekjur eru lang stærsti tekjustofn sveitarfélaga eða um 60% á móti fasteignaskatti, jöfnunarsjóði, þjónustutekjum og öðrum tekjum.

Vestlensk sveitarfélög voru borin saman við öll önnur sveitarfélög á landinu (Tafla 1 og 2).

Í ljós kom að þrjú fjölmennustu sveitarfélögin á Snæfellsnesi eru verulega háð sjávarútvegi þegar árið 2024 er lagt til grundvallar þar sem 50% af útsvarsgrunni Snæfellsbæjar byggir á þeirri atvinnugrein, 40% í Grundarfjarðarbæ og 15% í Sveitarfélaginu Stykkishólmur (Tafla 1 og 2). Bæði vægi greinarinnar og röðin meðal íslenskra sveitarfélaga breyttist ekki mikið þó svo lengra tímabil væri reiknað með sama hætti eða árin 2016-2024 (töflurnar ekki sýndar hér).

Athygli vekur samt að Grundarfjarðarbær er háðari vinnslu en Snæfellsbær á meðan veiðarnar vigta þyngra í Snæfellsbæ. Sjávarútvegur hafði mest vægi í Kaldrananeshreppi og Snæfellsbæ á öllu landinu þegar vægi veiða og vinnslu voru lögð saman.

Sömu gögn nýttust til að meta margfeldisáhrif sjávarútvegs innan viðkomandi sveitarfélaga. Frumniðurstöður bentu til að þau væru umtalsverð á Snæfellsnesi en athygli vakti að þau voru meiri í fiskvinnslu en fiskveiðum. Það er mögulega vegna þess að staðbundin þjónusta við fiskvinnslu er e.t.v. meiri en fiskveiðar. Þjónusta skipa er e.t.v. oftast fengin utan byggðarlags en fiskvinnslu. Viðhald fiskvinnsluhúsa og tækja fengin hjá iðnaðarmönnum á stöðunum á meðan viðhald báta t.d. í slippstöðvum er í öðru sveitarfélagi sem dæmi – bátana má auðveldlega færa úr stað en ekki hús. Þessi munur á margfeldisáhrifum er visst áhyggjuefni ef

marka má staðhæfinguna hér að framan um að neikvæð áhrif hækkunar veiðigjalds yrði líklega mun meiri á vinnsluna en veiðarnar.

Benda skal á að mun fleiri konur starfa við fiskvinnslu en karlar meðan þessu er öfugt farið til sjós. Sú staðreynd magnar enn frekar upp áhyggjur af boðaðri hækkun veiðigjalda því í byggðafræðilegu tilliti hefur það talist mjög mikilvægt að standa vörð um atvinnutækifæri fyrir konur af ýmsum ástæðum sem ekki verða raktar hér.

## Takmarkanir

Ekki var gerð tilraun til að meta áhrifin á sjávarútveg eftir útgerðarflokkum (m.t.t. stærðar o.fl. þess háttar) heldur eingöngu skoðað vægi greinarinnar í heild séð eftir sveitarfélögum.

Galli gagnanna er sá að eingöngu eru tölur frá lögaðilum en ekki einstaklingum sem gera upp sinn rekstur á eigin kennitölu. Búast má við að einyrkjar séu fleiri í þeim hópi en stærri fyrirtæki. Það gefur tilefni til að halda að tölurnar gefi verri mynd af fámennari sveitarfélögum en þeim fjölmennari. Þá má búast við að fiskveiðar séu vanmetnari en fiskvinnsla þar sem smábátasjómenn eru oft einyrkjar. Vakin skal athygli á því að hlutfall smábátasjómannna (af öllum sjómönnum) er mjög hátt í Snæfellsbæ og eitt það hæsta á landinu. Það er því viðbúið að hlutfall Snæfellsbæjar í fiskveiðum sé vanmetið.